

Fundargerð aðalfundar Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Miðvikudaginn 3. mars 2008 var haldinn aðalfundur Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga að Borgartúni 6 og hófst fundurinn kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Frá stjórn: Una Svane formaður, Árný Sveina Þórólfsdóttir gjaldkeri og Gríma Eik Káradóttir ritari, sem ritaði fundargerð.

Aðrir félagsmenn: 32

Frá þjónustuskrifstofu félagsins, Huggarði: Inga Rún Ólafsdóttir, Helga Birna Ingimundardóttir og Ólöf Jóna Tryggvadóttir.

Aðrir: Bragi Skúlason formaður Útgarðs.

Þetta gerðist:

Í upphafi fundar voru gerðar athugasemdir við ósamræmi í útsendum aðalfundarboðum, þ.e. föstudaginn 29. febrúar 2008 var sent út aðalfundarboð sem ekki var í fullu samræmi við fyrra fundarboð frá 13. febrúar. Breytingarnar voru þær að búið var að fella út 4. lið Samkomulag um samruna þriggja félaga innan HugGarðs í eitt stéttarfélag og bæta við 6. lið Kosning í nefndir og önnur trúnaðarstörf og einnig breyta 1. lið úr Skýrsla stjórnar í Skýrsla stjórnar ásamt kynningu á tillögu stjórnar um sameiningu félagsins við Útgarð og Félag íslenskra fræða – K.

Miklar umræður urðu vegna þessa en svo var samþykkt að ganga til áður auglýstrar dagskrár þ.e. frá 29. febrúar 2008.

1. Skýrsla stjórnar ásamt kynningu á tillögu stjórnar um sameiningu félagsins við Útgarð og Félag íslenskra fræða – K

Formaður kynnti skýrslu stjórnar.

Helga Birna Ingimundardóttir, frá þjónustuskrifstofu félagsins, fór yfir launaupplýsingar og launaþróun félagsmanna.

Inga Rún Ólafsdóttir, frá þjónustuskrifstofu, sagði frá helstu áherslum í sameiginlegri kröfugerð HugGarðsfélaganna.

Formaður hélt áfram með skýrslu stjórnar og skýrði frá stefnumótunarvinnu HugGarðsfélaganna.

Bragi Skúlason formaður Útgarðs gerði frekari grein fyrir þeirri vinnu.

Fundarmenn gerðu athugasemdir við kynningu formanns, þar sem stjórn SBU hafði lýst því yfir að kynning á sameiningarmálum yrði ekki haldin á aðalfundinum.

Formaður SBU óskaði eftir því að fá að klára að segja frá starfi stjórnarinnar og sameiningarmálin höfðu verið þar stór hluti.

Umræður um skýrslu formanns:

Inga Dís Karlsdóttir óskaði eftir að bókað yrði eftirfarandi: Ég lýsi yfir mikilli óánægju með flutning á skýrslu formanns þar sem að kynning á tillögu stjórnar um sameiningu félagsins við Útgarð og Félag íslenskra fræða - K. er höfð með.

Einnig kom fram að saknað var úr skýrslu formanns að ekki var greint frá fjölda stjórnarfunda né tilkynnt að stofna ætti vinnuhóp um framtíð SBU.

Umræður urðu um þátt Ljósmeðrafélags Íslands í samningaviðræðum Huggarðsfélaganna.

Formaður bar fram svohljóðandi tillögu stjórnar

Stjórn SBU leggur til að aðalfundur samþykki að félagsmenn kjósi um tillögu stjórnar SBU um sameiningu félagsins við Útgarð og Félag íslenskra fræða – kjaradeild, sem kynnt er á aðalfundi 2008, í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna dagana 7. til 14. mars 2008. Niðurstaða allsherjaratkvæðagreiðslu er bindandi.

Atkvæðaseðlar verða sendir öllum félagsmönnum og skulu atkvæðin berast félaginu, póststimpluð eigi síðar en 14. mars 2008.

Fram að atkvæðagreiðslu verður tillaga stjórnar SBU um sameiningu félagsins við Útgarð og Félag íslenskra fræða – kjaradeild kynnt á félagsfundum í Reykjavík, Árborg og á Akureyri, auk þess sem kynningarefni verður aðgengilegt á vef félagsins www.bhm.is/sbu

Niðurstaða kosningar verður kynnt á aukaaðalfundi SBU, sem haldinn verður 26. mars 2008, kl. 17:30.

Umræða um tillögu:

Kristín Ósk Hlynsdóttir taldi framgang á aðalfundi til skammar.

Ásdís Hafstað lagði til að hlutverk nýrrar stjórnar væri að fjalla um framtíð SBU.

Þórunn Sighvats lýsti yfir vantrausti á stjórnina.

Birgir Björnsson gerði athugasemd við að tillagan væri ekki á dagskrá og ekki í samræmi við fundarsköp að kjósa um hana.

Fundarstjóri lagði til að þessi liður, um tillögu stjórnar yrði settur undir önnur mál og var það samþykkt.

2. Reikningar félagsins.

Gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins.

3. Reikningar bornir upp til samþykktar.

Engar athugasemdir gerðar og reikningarnir samþykktir.

[Type text]

4. Kosning stjórnar

Nanna Lind Svavarsdóttir meðstjórnandi og Ása Þorkelsdóttir varamaður gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn SBU.

Í framboði til formanns voru:

- Una Svane sitjandi formaður SBU
- Kristín Ósk Hlynsdóttir.

Kristín Ósk Hlynsdóttir hlaut kosningu.

Stjórn:

- Árný Sveina Þórólfsdóttir, Gríma Eik Káradóttir sem voru á miðju kjörtímabili.
- Óskar Guðjónsson gaf kost á sér og var sjálfkjörinn.
- Þórunn Sighvats var kosin í stað Nönnu Lindar Svavarsdóttur.

Varamaður:

- Inga Dís Karlsdóttir var kosin í stað Ásu Þorkelsdóttur

Stjórn var samþykkt samhljóma og er því þannig skipuð starfsárið 2008-2009

Kristín Ósk Hlynsdóttir formaður (kjörin á aðalfundi 2008)

Árný Sveina Þórólfsdóttir gjaldkeri (kjörin á aðalfundi 2005)

Gríma Eik Káradóttir, ritari (kjörin á aðalfundi 2005)

Óskar Guðjónsson varaformaður (kjörinn á aðalfundi 2006)

Þórunn Sighvats meðstjórnandi (kjörin á aðalfundi 2008)

Inga Dís Karlsdóttir, varamaður (kjörin á aðalfundi 2008)

5. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

María Frímansdóttir og Ása Þórðardóttir kosnar skoðunarmenn.

6. Kosning í nefndir og önnur trúnaðarstörf

Engin erindi undir þessum lið.

7. Önnur mál

Tillaga stjórnar samanber 1. lið var dregin til baka.

Formaður bar fram aðra tillögu um að ný stjórn skipi vinnuhóp um framtíð SBU. Tillagan var samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.50